

# FOSSAR MARKAÐIR HF.

## REGLUR UM MAT Á HÆFI STJÓRNAR, FORSTJÓRA OG LYKILSTARFSMANNA

### 1. Lagagrundvöllur, markmið og tilgangur

- 1.1. Reglur þessar eru settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (ffl.) og sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (ESMA35-36/2319 EBA/GL/2021/06) og varða hæfi stjórnar, forstjóra og lykilstarfsmanna Fossa markaða hf. (hér eftir „Fossar“ eða „félagið“).
- 1.2. Fossar leggja mikla áherslu á að starfsfólk félagsins hafi haldgóða þekkingu og búi yfir fullnægjandi færni og sérfræðikunnáttu til að tryggja eftirfylgni við lög, sinna starfsskyldum sínum og viðskiptavinum félagsins.
- 1.3. Tilgangur og markmið reglna þessara er að skilgreina hæfisskilyrði stjórnar, forstjóra og lykilstarfsmanna Fossa og tryggja að þeir uppfylli á hverjum tíma viðeigandi hæfisskilyrði.

### 2. Lykilstarfsmenn Fossa

- 2.1. Lykilstarfsmaður er sá einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en forstjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu Fossa, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 2.2. Hefur stjórn Fossa skilgreint lykilstarfsmenn sem þá starfsmenn sem sæti eiga í framkvæmdastjórn félagsins auk regluvarðar og yfirmanns áhættustýringar.

### 3. Hæfisskilyrði lykilstarfsmanna

- 3.1. Lykilstarfsmenn Fossa skulu, á hverjum tíma, uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. ffl.
- 3.2. Lykilstarfsmenn skulu hafa yfir að búa nægilegri þekkingu, reynslu og menntun til að geta sinnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- 3.3. Lykilstarfsmenn skulu hafa gott orðspor og starfa af heiðarleika og heilindum.
- 3.4. Lykilstarfsmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði reglna þessara.

Lykilstarfsmönnum ber í því skyni að viðhalda þekkingu sinni og afla sér nýrrar þekkingar eftir því sem tilefni er til.

#### 4. Mat á hæfi lykilstarfsmanna

4.1. Forstjóri skal við ráðningu lykilstarfsmanna leggja mat á hæfi þeirra.

4.2. Mat á hæfi lykilstarfsmanna skal endurtekið sérstaklega í eftirfarandi tilvikum:

4.2.1. Við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum;

4.2.2. Þegar nýir lykilstarfsmenn taka við, þ.á.m. vegna beinnar eða óbeinnar aukningar á virkum eignarhlut í Fossum;

4.2.3. Þegar nauðsyn krefur vegna aðstæðna sem geta haft verulega áhrif á hæfi lykilstarfsmanna;

4.2.4. Séu lykilstarfsmenn fluttir til í annað lykilstarf og skal þá forstjóri í samráði við regluvörslu ákveða hvort hæfismat skuli fara fram.

Þegar rökstuddur grunur er um að Fossar hafi verið notað til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka; tilraun gerð til þess; eða talin er aukin hættu á slíku.

#### 5. Sérstaða lykilstarfsmanna

5.1. Fossar munu ekki gera starfslokasamning við lykilstarfsmenn nema hagnaður hafi verið af rekstri félagsins samfelld síðustu þrjú ár af starfstíma lykilstarfsmannsins, sbr. 57. gr. b. ffl.

5.2. Birta skal í ársreikningi upplýsingar um fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra, sbr. 3. mgr. 87. gr. ffl.

5.3. Fossum er óheimilt að veita lykilstarfsmanni, eða aðila í nánnum tengslum við hann, fyrirgreiðslu í skilningi reglna nr. 247/2017 nema gegn traustum tryggingum eins og þær eru skilgreindar í 5. gr. reglanna. Samtala heildarfyrirgreiðslna til hvers og eins lykilstarfsmanns og aðila í nánnum tengslum við hann má hæst vera 200 millj. kr., að teknu tilliti til 30. gr. ffl. um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum

5.4. Þátttaka lykilstarfsmanna í atvinnurekstri eða öðrum launuðum störfum er háð samþykki forstjóra, sbr. nánar reglur Fossa um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri.

#### 6. Vanhæfi í meðferð einstakra mála

6.1. Lykilstarfsmenn skulu ekki koma að meðferð mála er varða viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, gegna stjórnarsetu fyrir, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta gagnvart, nema um sé að ræða dótturfélag Fossa. Hið sama gildir um þátttöku lykilstarfsmanna í meðferð máls sem varðar

aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega. Þegar lykilstarfsmenn taka til starfa skulu þeir upplýsa um þá aðila sem þeim tengjast með þeim hætti sem að framan greinir. Jafnframt skulu lykilstarfsmenn tilkynna um allar breytingar sem verða á þeim aðilum sem þeim tengjast.

## **7. Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsmanna**

- 7.1. Lykilstarfsmanni er skylt að tilkynna forstjóra ef sú staða kemur upp að hann fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli, skal hann tilkynna það forstjóra.
- 7.2. Fáir lykilstarfsmaður slíka stöðu skal forstjóri í samráði við stjórn meta hvort víkja eigi viðkomandi tímabundið úr stöðu sinni á meðan rannsókn málsins stendur yfir. Við slíkt mat skal ávallt litið til stöðu viðkomandi lykilstarfsmanns og alvarleika hins meinta brots. Teljist brot alvarlegt og staða lykilstarfsmanns innan félagsins er þannig að störf hans fyrir félagið skaði orðspor félagsins þá skal lykilstarfsmaður sendur í leyfi.
- 7.3. Hvert einstakt ætlað brot skal ávallt metið. Sé það mat Fossa að brot hafi átt sér stað hjá viðkomandi lykilstarfsmanni skal honum tafarlaust vikið úr starfi. Uppsagnarfrestur skal þá greiddur nema um sé að ræða brot í starfi hjá Fossum.
- 7.4. Almennt skulu lykilstarfsmenn vera á launum í leyfi en þó ekki lengur en sem nemur uppsagnarfresti viðkomandi lykilstarfsmanns. Ef rannsókn opinberra aðila tekur lengri tíma skal tekin ákvörðun um það hvort lykilstarfsmanni skuli vikið frá störfum, hann verði launalaus þar til rannsókn lýkur eða hann haldi launum sínum til lengri tíma.

## **8. Hæfi stjórnar og forstjóra**

- 8.1. Stjórnarmenn og forstjóri skulu, á hverjum tíma, uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. ffl.
- 8.2. Stjórnarmenn og forstjóri skulu hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika og heilindum.
- 8.3. Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera sjálfstæðir í hugsun til þess að geta metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku.
- 8.4. Stjórnarmenn og forstjóri skulu verja fullnægjandi tíma í stjórnarstörf sín.
- 8.5. Stjórnarmenn og forstjóri skulu búa yfir nægjanlegri þekkingu, færni og reynslu til þess að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Í því felst að þekkja og skilja stjórnarhætti, innviði og uppbyggingu Fossa, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Þeir skulu kynna sér lög og reglur er um starfsemina gilda, og hafa skilning á hlutverki og ábyrgð.
- 8.6. Stjórnarmenn og forstjóri, sem heild, skulu sameiginlega hafa skilning á starfsemi Fossa, þ.á.m. helstu áhættuþáttum í starfsemi þess. Stjórnarmenn og forstjóri skulu sameiginlega vera hæf til þess að taka viðeigandi ákvarðanir m.t.t. viðskiptamóðels, áhættuþátta, stefnu

og þess markaðar sem Fossar starfa á. Með áhættuþáttum í þessum reglum er átt við áhættu er varðar peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka, umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti.

8.7. Stjórn skal, sem heild, vera til þess bær að leggja gagnrýnt mat á ákvarðanir forstjóra.

## 9. Mat á hæfi stjórnar og forstjóra

9.1. Stjórn skal árlega leggja mat á sameiginlegt hæfi stjórnar og einstakra stjórnarmanna í samræmi við starfsreglur stjórnar. Mat á hæfi einstakra stjórnarmanna, og eftir atvikum stjórnar sem heild, skal vera framkvæmt, eða endurtekið sérstaklega:

9.1.1. Við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum;

9.1.2. Þegar breytingar verða á samsetningu stjórnar;

9.1.3. Við endurkjör stjórnarmanna, hafi hæfisskilyrði til starfa hans breyst frá síðasta kjöri;

9.1.4. Við það að stjórnarmaður hætti í stjórn;

9.1.5. Þegar rökstuddur grunur er um að Fossar hafi verið notað til peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka; tilraun gerð til þess; eða talin er aukin hættu á slíku.

9.1.6. Þegar verulegar breytingar verða á viðskiptalíkani, áhættuþáttum, stefnu eða skipulagi Fossa á samstæðugrunni;

9.1.7. Í tengslum við endurskoðun stjórnar á innra stjórnarskipulagi Fossa;

9.1.8. Þegar orðspor stjórnarmanns, hefur beðið hnekki, þ. á m. í tilvikum þar sem forstjóri hefur ekki fylgt stefnu Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum;

9.2. Stjórn skal árlega leggja mat á hæfi forstjóra í samræmi við starfsreglur stjórnar. Mat á hæfi forstjóra skal vera framkvæmt og liggja fyrir við ráðningu hans.

9.3. Mat á hæfi forstjóra skal jafnframt endurskoðað við eftirfarandi aðstæður:

9.3.1. Þegar upp koma áhyggjur varðandi hæfi forstjóra, stjórnar sem heild eða einstakra stjórnarmanna;

9.3.2. Þegar orðspor forstjóra, hefur beðið hnekki, þ. á m. í tilvikum þar sem forstjóri hefur ekki fylgt stefnu Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum;

9.3.3. Í tengslum við endurskoðun stjórnar á innra stjórnarskipulagi Fossa;

9.3.4. Við aðrar aðstæður sem geta haft veruleg áhrif á hæfi forstjóra;

## 10. Ráðstafanir til úrbóta

- 10.1. Sé niðurstaða mats á hæfi stjórnarmanns, forstjóra eða lykilstarfsmanns að viðkomandi sé ekki hæfur til að gegna stöðu sinni í samræmi við stefnu þessa, skal viðkomandi ekki vera skipaður eða eftir atvikum ráðinn til starfans og annar hæfur aðili skal fenginn í stað viðkomandi.
- 10.2. Leiði mat í ljós minni háttar annmarka á þekkingu, hæfni og reynslu viðkomandi, sem bæta mætti úr með einföldum hætti, skal stjórn eða forstjóri eftir atvikum gera kröfur um viðeigandi ráðstafanir innan hæfilegs tíma svo viðkomandi geti talist hæfur samkvæmt reglum þessum. Hvað teljast vera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni fer eftir því hvaða hæfisskilyrði er ekki uppfyllt, hvaða stöðu viðkomandi gegnir og hvaða ráðstafana sé hægt að grípa til í því skyni að bæta úr annmarka.
- 10.3. Teljist stjórn ekki sameiginlega hæf, í samræmi við reglur þessar, skal stjórn gera viðeigandi ráðstafanir til þess að bæta úr annmörkum innan hæfilegs tíma. Viðeigandi ráðstafanir geta m.a. falið í sér breytingar á verkaskiptingu innan stjórnarinnar, breytingar á skipun stjórnar, ráðstafanir til að draga úr hagsmunaaárekstrum, þjálfun og fræðslu fyrir stjórn eða einstaka meðlimi stjórnar.

## 11. Fræðsla stjórnarmanna og forstjóra

- 11.1. Fossar skulu verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi Fossa fyrir stjórnarmönnum, forstjóra og eftir atvikum öðrum stjórnendum til þess að tryggja að þeir hljóti viðeigandi þjálfun til starfa.
- 11.2. Nýkjörnir stjórnarmenn eða nýráðinn forstjóri skulu fá allar lykilupplýsingar um rekstur Fossa við upphaf starfs og skal fræðslu til þeirra lokið innan 6 mánaða frá ráðningu.
- 11.3. Stjórnarmenn, forstjóri og aðrir stjórnendur, hver um sig, geta óskað eftir fræðslu í tengslum við starf sitt hjá Fossum eftir því sem þeir meta nauðsynlegt hverju sinni. Forstjóri leggur mat á beiðnir um fræðslu og starfsþjálfun af hálfu annarra stjórnenda.
- 11.4. Að öðru leyti vísast til 17. gr. starfsreglna stjórnar Fossa um móttöku og fræðslu nýrra stjórnarmanna.

## 12. Viðurlög og eftirlit

- 12.1. Gefi starfsmaður rangar eða villandi upplýsingar, í tengslum við hæfismat það sem gert er á grundvelli þessara reglna, getur það varðað áminningu eða uppsögn úr starfi.
- 12.2. Regluvörður skal hafa eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt.

### 13. Gildistaka o.fl.

13.1. Við framkvæmd hæfismats samkvæmt reglum þessum skal fylgja viðeigandi ákvæðum sameiginlega viðmiðunarreglna EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (ESMA35-36/2319 EBA/GL/2021/06), viðeigandi leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins ásamt öðrum viðeigandi lögum og reglum sem gilda um efnið á hverjum tíma, þar á meðal starfsreglur stjórnar.

13.2. Reglur þessar öðlast gildi við undirritun stjórnar Fossa og skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Samþykkt af stjórn Fossa markaða hf. hinn 15. maí 2015.

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa hinn 11. febrúar 2022.

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa hinn 28. apríl 2022.